

# Lög

um breyting á lögum um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

---

1. gr.

Við 20. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að ákveða hvort verða skuli við tilmælum skv. 1. gr.

2. gr.

Við 26. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að bera fram tilmæli eftir ákvæði 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 2. júní 2006.*